

Mál nr. 196/2005

M

og

Vátryggingafélagið X

og

Vátryggingafélagið Y

Árekstur á Vesturlandsveg á hringtorgi við Hafravatnsveg þann 25.10.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.11.2005.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla.
4. Ljósmyndir.
5. Uppdráttur af hringtorgi, þar sem árekstur varð.
6. Bréf X, dags. 25.11.2005.
7. Bréf Y, dags. 25.11.2005.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið norður Vesturlandsveg og inn í hringtorg við gatnamót Hafravatnsvegar. Mun A hafa verið ekið á undan B. Var A ekið um innri hring (vinstri akrein) og B um ytri hring (hægri akrein) hringtorgsins. Við fyrstu gatnamót í hringtorginu eftir að bifreiðunum var ekið inn í það, þ.e.a.s. við gatnamót Hafravatnsvegar, var A beygt til hægri áleiðis út úr hringtorginu. Rakst þá hægra framhorn A í vinstri hlið B. Eftir áreksturinn ók ökumaður A á brott af vettvangi.

Haft var tal af ökumanni A sem kvaðst hafa ekið rólega inn í innri hring torgsins og síðan beygt áleiðis til hægri austur Hafravatnsveg. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við B fyrr en árekstur varð. Hann kvaðst hafa farið af vettvangi, þar sem honum hafi brugðið mjög mikið við áreksturinn.

Ökumaður B kvað ökumann A hafa ekið rólega beint inn í innri hring og þar hafi ökumaðurinn nær stöðvað. Hafi ökumaður B því ætlað fram hjá A á ytri hring, en skyndilega hafi A verið ekið af stað í krappa beygju til hægri og árekstur orðið.

Vitni var staddur í bifreið á Hafravatnsvegi við hringtorgið. Það kvað ökumann A hafa beygt mjög skyndilega til hægri úr innri hring hringtorgsins og árekstur orðið. Ökumaður A hafi svo horfið af vettvangi.

Álit.

Ökumaður A ók á brott eftir áreksturinn án þess að ræða við gagnaðila sinn að séð verður. Hann hefur ekki gefið haldbærar skýringar á þessu háttalagi sem samræmdist heldur ekki skyldum hans skv. 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B kvað ökumann A hafa sem næst stöðvað bifreið sína í hringtorginu um það leyti sem hann ók hjá. Þá hafi A skyndilega verið ekið af stað og beygt til hægri þannig að árekstur varð. Framburður þessi fær stuðning í frásögn vitnis. Ökumaður A hefur ekki tjáð sig um aðdraganda árekstursins að þessu leyti, en kvaðst ekki hafa vitað um ferðir B fyrr en árekstur varð. Eins og hér stendur á verður ökumaður A að bera hallann af því að málsatvik eru um margt óljós hvað varðar aðdraganda árekstursins. Verður ekki hjá því komist að leggja framburð ökumanns B til grundvallar við sakarmat. Verður þannig við það að miða að ökumaður A hafi valdið árekstrinum með óvenjulegu aksturslagi og án þess að gæta nægilega að umferð annarra ökutækja áður en hann beygði út úr hringtorginu. Á hann því sök á árekstrinum. Ökumaður B gat ekki átt von á að A yrði beygt til hægri svo skyndilega og óvænt sem raunin virðist hafa verið. Er í málinu því ekki næg efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 1. desember 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.